

[Árnastofnun – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#)

[Sarpur.is](#) Menningarsögulegt gagnasafn – Landskerfi bókasafna hf.

[Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn](#)

Leiðarvísar um heimildir í einstökum fræðigreinum, heimildavinnu og aðrar hagnýtar leiðbeiningar.

[Málið](#)

Málið.is er vefgátt sem veitir upplýsingar um íslenskt mál og málnotkun úr fjölmörgum ólíkum gagnasöfnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Málið.is var opnað á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016.

[Íslensk málstöð – Beygingarlýsing íslensk nútímamáls](#)

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er safn beygingardæma sem birt eru í heild á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar má leita að orðum og einstökum beygingarmyndum orða, þ.m.t. mannanöfnum.

[Málfarsbanki Árnastofnunar – Leiðbeiningar um íslenskt málfar](#)

Málfarsbankinn er vettvangur upplýsinga um vandaða málnotkun í íslensku. Í honum er að finna greinar um ýmis atriði sem snerta talað og ritað mál, s.s. lítinn og stóran staf. Hægt er að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman í Íslenskri málstöð og síðar arftaka hennar, málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

[Skrambi](#)

Skrambi er íslenskt yfirlestrarforrit sem unnið er í samstarfi við Árnastofnun. Notendur geta límt inn texta eða skrifað beint á síðuna til að nýta sér villuleitina. Einnig er hægt að líma inn texta og láta talgervilinn Ivona¹ lesa upphátt svo hægt sé að staðsetja villur. Forritið er í þróun.

[Leitir.is](#)

Leitir.is veitir aðgang að fjölbreyttu vísinda-, fræðslu- og afþreyingarefni. Vefurinn veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur, rafbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi.

[Hvar.is](#)

Á vefnum Hvar.is er landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum og veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta greina fjölda tímarita og útdráttum greina.

[Tímarit.is](#)

Tímarit.is er stafrænt safn sem veitir aðgang að milljónum myndaðra blaðsíðna á stafrænu formi af þeim prentaða menningararfi sem varðveittur er í blöðum og tímaritum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Aðgangur er öllum opinn og stuðst er við nýjustu tækni í geymslu og miðlun upplýsinga. Markmiðið er að bæta aðgang að prentuðum blöðum og tímaritum og bjóða upp á nýjar rannsóknaraðferðir. Blöðin og tímaritin hafa að geyma, auk almenns fréttæfnis og auglýsinga, mikið efni á sviði bókmennta, sagnfræði, ættfræði, þjóðlífs, menningar, atvinnuvega og viðskipta. Notendur geta leitað að efni á ýmsan hátt, svo sem eftir löndum og titlum, eða að völdu orði í öllum texta ritanna. Þeir geta einnig blaðað í gegnum efnið og prentað út valdar blaðsíður. Jafnt og þétt bætast við safnið fleiri titlar.

[Snara](#)

Snara er öflug orðabók á netinu sem býður upp á íslensku, ensku, dönsku, þýsku, spænsku, frönsku, ítölsku og aðgang að matreiðslubókum með meiru. Kaupa þarf aðgang að Snöru. Ýmsir skólar bjóða frían aðgang.

[ordabok.is](#)

Vefurinn ordabok.is var opnaður 31. október 2001 og hafði þá að geyma ensk-íslenska og íslensk-enska orðabók. Sú orðabók hafði verið gefin út rafrænt um nokkurra ára skeið, allt frá árinu 1993 í Orðabók Aldamóta og Tölvuorðabókinni. Vefurinn var sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi.

Á síðustu árum hafa bæst við dönsk-íslensk og íslensk-dönsk orðabók, ásamt stafsetningarorðabók.

[Leit á netinu](#)

[Reglur um greinarkerki](#)

[Táknróf tölvunnar](#)

¹ [Ivona Reader](#) er forrit með íslensku talgervilsróddunum Karli og Dóru.